

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Arnarsmári 10-12. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 26. mars 2024 breytingu á deiliskipulaginu Nónhæð fyrir lóðina nr. 10-12 við Arnarsmára. Í breytingunni felst að á suðvesturhlíð Arnarsmára 10-12 verði heimilt að koma fyrir loftnetasúlu fyrir fjarskiptaþjónustu fyrir hverfið að hámarki 2,9 m yfir efstu þakbrún hússins í kóta 49,1 m. Byggingarmagn og nýtingarhlutfall lóðarinnar er óbreytt. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 11. apríl 2024.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. apríl 2024